

Mánudaginn 2. nóvember 1970.

Nr. 138/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigfúsi Jörundi Árnasyni Johnsen

(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr.
20. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr.
19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Fram-
haldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögn hans.

Lögfull sönnun er eigi fyrir hendi um efni samtals ákærða
og vitnisins Auðuns Hafnfjörðs Jónssonar hinn 19. apríl
1967. Þrátt fyrir þær líkur gegn ákærða, sem sakargögn
veita, þykir varhugavert að meta þau fullnægjandi ákærða
til áfellis. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvalds-
ins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakar-
innar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með
talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti,
sem ákveðast samtals kr. 36.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigfúsi Jörundur Árnason Johnsen, á að vera
sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar
með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og
fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns,
kr. 36.000.00.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 9. marz 1970.

Árið 1970, mánudaginn 9. marz, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var af Guðmundi L. Jóhannessyni í réttarsal bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1241—1246/1968: Ákærvaldið gegn Kristjáni Guðna Sigurjónssyni, Jóni Ármanni Sigurjónssyni, Sigfúsi Jörundi Árnasyni Johnsen, Guðmundi Karli Guðfinnssyni, Atla Benediktssyni og Hrafni Hólmfjörð Hansen.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 10. febrúar 1968, höfðað gegn eftirtöldum mönnum:

1. Kristjáni Guðna Sigurjónssyni skipstjóra, Vestmannabraut 61,
2. Jóni Ármanni Sigurjónssyni netjamanni, Bröttugötu 11,
3. Sigfúsi Jörundi Árnasyni Johnsen framkvæmdastjóra, Kirkjubæjarbraut 17,
4. Guðmundi Karli Guðfinnssyni vélstjóra, Boðaslóð 3, öllum búsettum í Vestmannaeyjum,
5. Atla Benediktssyni sjómanni og
6. Hrafni Hólmfjörð Hansen sjómanni, báðum til heimilis að Kleppsvegi 68 í Reykjavík.

I. Gegn ákærða Jóni Ármanni er málið höfðað fyrir að hafa borið það ranglega í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja mánudaginn 17. apríl 1967, að hann hafi verið vélstjóri á vélbátnum Sæfaxes, NK 102, í veiðiferð bátsins frá Vestmannaeyjum 30. marz 1967, enda þótt ákærði hefði eigi í þá veiðiferð farið, — með eftirfarandi framburði sínum:

1. „Aðspurður kvaðst mætti hafa farið þessa einu veiðiferð, þar eð ráðinn vélstjóri var rétt ókominn og því eigi tími til að fá lögskráningu, þar eð mætti tók verkið að sér nær fyrirvara-laust. ...

mætti kveðst hafa farið að athuga smurninginn gaumgæflega. ...

Aðspurður kveður mætti það hafa komið í ljós við athugun, að nægur smurningur hafi verið á vélinni. Í vélinni eru svonefndar systrasiur, og skipti mætti yfir á aðra síu, án þess að nokkur breyting yrði á smurþrýstingi. ...

Aðspurður kveður mætti vélina ekki hafa gengið lengur en 5 mínútur, er hún var sett í gang á ný, eftir að komið var að bryggju. Hann kveðst af sjálfsdáðum hafa stöðvað vélina. ...

Aðspurður kveður mætti vélina þetta sinn hafa farið í gang þegar við ræsingu. Aðspurður kveður hann og hafa komið reyk úr sveifarhúsi, er vélin var stöðvuð úti í sjó kl. 07.10“.

2. Með eftirfarandi bókun í véladagbók bátsins, sem sýnd var í sama þinghaldi og lögð var fram í dóminum í endurriti, sbr. dskj. nr. 16:

„Á ferðinni frá Vestmannaeyjum á veiðar 30/3 aðalvél ræst kl. 5 og keyrt á veiðar, 650 snúninga. Kl. 7 fer vél að hitna mikið og smurþrýstingur að falla, og stoppa ég vélina, nokkur reykur úr sveifarhúsi, dregnir í land. Verkstæðismenn koma um borð. Vélstjóri Jón Ármann Sigurjónsson.

Ég undirritaður staðfesti að ofanritað sé rétt. (Undirskrift): Jón Ármann Sigurjónsson yfirvélstjóri“.

II. Gegn ákærða Atla Benediktssyni og Hrafni Hólmfjörð Hansen er málið höfðað fyrir að hafa hvor um sig í þessu sama þinghaldi borið það ranglega, að í greindri veiðiferð bátsins hafi verið full áhöfn (7 manns) og að yfirvélstjóri hafi verið með-ákærði Jón Ármann Sigurjónsson.

Brot allra ákærðu í liðum I og II teljast varða við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Gegn ákærða Sigfúsi Jörundi Árnasyni Johnsen er málið höfðað fyrir að hafa um hádegi miðvikudaginn 19. apríl 1967, er ákærði Sigfús var staddur í húsi ónafngreinds kunningja síns í Reykjavík, haft símasamband — að meðákærða Kristjáni Guðna viðstöddum, sbr. IV. lið — við Auðun Hafnfjörð Jónsson, Brekastíg 19 í Vestmannaeyjum, einn af skipverjum á vélbátnum Sæfaxa í greindri veiðiferð, þar sem hann var staddur í húsinu Bólstaðarhlíð, Heimagötu 39 í Vestmannaeyjum, og reynt að fá hann (Auðun) til þess við væntanlega yfirheyrslu í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja í máli þessu „að láta vitneskju sína (Auðuns) um hið rétta í málinu um vélstjóran ekki koma fram fyrir réttinum“ „að vita ekki neitt um málið“ og að „segja ekki neitt“ fyrir réttinum — með frekari útskýringum og tilmælum í um ½ klst. samtali, sem efnislega var um að fá nefndan Auðun til að bera annað fyrir dómi en sannleikann í málinu, þar sem „allt“ ylti á framburði hans (Auðuns), og reynt að taka af honum loforð í framangreinda átt, þ. e. að bera gegn betri vitund fyrir dómi.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Gegn ákærða Kristjáni Guðna er málið höfðað fyrir að hafa:

1. Borið eftirfarandi ranglega í áðurgreindu þinghaldi í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 17. apríl 1967:

„Aðspurður um róðurinn 30/3 kveður mætti Jón Ármann Sigurjónsson hafa verið vélstjóra þá veiðiferð, þann, er undirritaði véladagbók þann dag“.

2. Fengið meðákærðu Jón Ármann, Atla Benediktsson og Hrafn Hólmfjörð til að bera slíkt hið sama í sama þinghaldi, sbr. liði I og II, og meðákærða Jón Ármann til að rita ranga bókun í véladagbók, sem ákærði Kristján Guðni síðan sýndi dóminum og lagði fram endurrit úr, sbr. lið I.

3. Í sama símtali og greinir í lið III og á milli þess, sem meðákærði Sigfús talaði, skýrt áður nefndum Auðuni Hafnfjörð frá því, „hve alvarlegt málið væri fyrir sig“ — eingöngu í því skyni að hafa áhrif á væntanlegan framburð hans fyrir sjó- og verzlunardómi samhliða tilmælum meðákærða Sigfúsar, sbr. lið III.

4. Í blekkingarskyni tilgreint eftirfarandi ranglega í dagbók og eftirlitsbók vélbátsins Sæfaxes, sbr. útdrætti á dskj. nr. 2, 18 og 21: Í dagbók:

„Næstu daga (þ. e. frá 18. marz) var báturinn hreinsaður og lagfært það, sem úrskeiðis hafði farið. Lá báturinn við bryggju til 30. marz“.

Í eftirlitsbók:

Við dagsetningu 25/3: Leynt róðri bátsins með því að skrá ekkert um róður, sem farinn var þann dag. Við dagsetningu 27/3: Leynt því, er lagt var upp í róður og bátnum skömmu síðar snúið við vegna vélarbilunar, og jafnframt ranglega skráð róður, sem farinn var þennan sama dag sem róður 28. marz.

Brot ákærða í 1. tl. telst varða við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, brot ákærða í 2. tl. einnig við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, brot ákærða í 3. tl. við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga og brot ákærða í 4. tl. við 158. gr. sömu laga, sbr. 35. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

V. Gegn ákærða Guðmundi Guðfinnssyni er málið höfðað fyrir að hafa í blekkingarskyni tilgreint eftirfarandi ranglega í véladagbók vélbátsins Sæfaxes, er ákærði var þar vélstjóri:

1. Með öllu leynt róðri bátsins 25. marz 1967 með því að skrá alls ekkert um hann í véladagbók, sbr. dskj. nr. 16.

2. Leynt því, er lagt var upp í róður 27. marz, og að bátnum væri þá vegna vélarbilunar snúið við innan hafnar og haldið að

bryggju — og jafnframt ranglega skráð róður, sem farinn var þennan sama dag sem róður 28. marz.

Brot ákærða í 1. og 2. tl. teljast varða við 1. og 2. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 35. gr. siglingalaga.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Allir eru hinir ákærðu sakhæfir.

Ákærði Kristján Guðni er fæddur 3. ágúst 1931 á Ólafsfirði og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1951 1/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

14/12 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir ólöglegan aðgang að sundlaug.

1954 í Vestmannaeyjum: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur rétti til ökuleyfis í eitt ár fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

1960 8/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1961 26/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 3. og 21. gr. áfengislaga.

1962 15/9 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga, sbr. 256. gr., 1. mgr., hegningarlaga.

1963 12/7 í Vestmannaeyjum: Dómur: Fangelsi í 2 mánuði, skil-orðsbundið, fyrir brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur kr. 5.750.00.

1964 30/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 65. gr. umferðarlaga og reglum um stöðumæla.

Ákærði Jón Ármann er fæddur 15. desember 1940 í Vestmannaeyjum og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákærði Sigfús Jörundur er fæddur 25. nóvember 1930 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1949 20/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1950 20/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ógætilegan bifreiðar akstur.

1964 12/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. og 37. gr. umferðarlaga og reglugerð um stöðumæla.

1966 9/3 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 27. og 45. gr. umferðarlaga.

- 1967 13/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga.
- 1967 9/10 í Vestmannaeyjum: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21. september 1967 að telja.

Ákærði Guðmundur Karl er fæddur 8. janúar 1941 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1964 2/3 í Vestmannaeyjum: Dómur. 20.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920. Afli og veiðarfæri m/b Farsæls, VE 12, gerð upptæk.
- 1964 26/6 í Vestmannaeyjum: Dómur: 10.000.00 kr. sekt, afli og veiðarfæri m/b Farsæls, VE 12, gerð upptæk, fyrir brot á lögum nr. 5/1920, 1. gr., sbr. 3. gr. og tilheyrandi.
- 1964 10/12 í Vestmannaeyjum: Dómur: 2ja mánaða varðhald, 30.000.00 kr. sekt fyrir brot á 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og tilheyrandi. Veiðarfæri í m/b Farsæli, VE 12, 19. ágúst 1964 — afli og veiðarfæri í m/b **Kap**, VE 272, 7. desember 1964 gerð upptæk.
- 1964 22/12 Siglingadómur: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 19. og 23. gr., sbr. 33. gr. tilskipunar nr. 47/1953, sbr. 5. gr. laga nr. 56/1932.
Hinn 14. apríl 1965 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dómana uppkveðna 2. marz 1964, 26. júní 1964 og 10. desember 1964.
- 1966 13/12 í Vestmannaeyjum: Dómur: 30.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðimarkanna. Afli og veiðarfæri m/b Guðfinns Guðmundssonar, VE 445, gerð upptæk.
- 1967 6/3 í Vestmannaeyjum: Dómur: Varðhald í 2 mánuði og 25.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðimarkanna. Afli og veiðarfæri m/b Guðfinns Guðmundssonar, VE 445, gerð upptæk.

Ákærði Atli er fæddur 25. júní 1937 í Reykjavík og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1954 1/3 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1954 31/3 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

- 1954 28/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1954 12/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1954 18/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1955 10/3 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1955 20/4 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1955 3/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1955 25/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1955 4/11 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1955 22/12 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarлага.
- 1956 8/4 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1956 16/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1956 2/11 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1956 12/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1956 11/10 í Hafnarfirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1957 28/6 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarлага.
- 1957 27/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1957 28/7 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1957 14/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1958 5/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1958 17/4 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarлага.

- 1958 8/9 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1959 12/6 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi, sviptur réttindum, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1960 10/4 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1960 17/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1960 25/6 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1960 9/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 18/1 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 16/4 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 9/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 6/7 í Reykjavík: Dómur: 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1963 14/8 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 19/9 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 20/1 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1965 22/1 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 1.070.00.
- 1965 30/4 í Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
- 1965 8/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 9/10 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1966 29/7 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1967 25/1 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1967 14/7 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1967 17/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1967 7/12 í Reykjavík: Sátt, 1.800 kr. sekt fyrir ölvun.
- Ákærði Hrafn Hólmfjörð er fæddur 26. nóvember 1941 og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:
- 1958 26/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á brunaboða.
- 1959 1/12 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1960 29/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 18/1 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 26/4 á Akranesi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954.
- 1962 21/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 24/5 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 23/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

- 1963 9/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 30/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 3/9 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald, svipting öku-
leyfis í 1 ár frá 3. september 1964 fyrir brot gegn 259.
gr. hegningarlaga, áfengis- og umferðarlögum.
- 1964 10/9 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 30/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 14/10 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 19/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðs-
bundið í 3 ár, sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 3. september
1965, fyrir brot á 244. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningar-
laga, sbr. lög nr. 20/1956, áfengislögum og umferðar-
lögum.
- 1966 6/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1966 23/3 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21.
gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1967 7/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21.
gr. áfengislaga.
- 1967 4/8 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 11/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1967 24/10 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.

Upphaf þessa máls er, að 17. apríl 1967 hófust sjópróf í sjó-
og verzlunardómi Vestmannaeyja vegna ferðar m/b Sæfaxes, NK
102, frá Norðfirði til Vestmannaeyja 15. til 18. marz 1967, en
þá mun báturinn hafa orðið fyrir brotsjó og vél hans bilað, og
einnig vegna vélarbilunar í veiðiferð bátsins 30. marz s. á. Í
byrjun sjóprófsins komu fyrir dóminn ákærðu Kristján G. Sigur-
jónsson, Jón Ármann Sigurjónsson, Atli Benediktsson og Hrafn
Hólmfjörð Hansen, og báru þeir allir, að ákærði Jón Ármann
Sigurjónsson hefði verið yfirvélstjóri á m/b Sæfaxes, NK 102, í
veiðiferðinni 30. marz 1967. Tveimur dögum síðar kom svo fyrir
dóminn matsveinninn á bátnum, Auðunn Hafnfjörð Jónsson, og
bar, að hann hefði ekki orðið þess var, að ákærði Jón Ármann
hefði verið vélstjóri í greindri veiðiferð.

Komu svo áðurnefndir ákærðu aftur fyrir dóminn, breyttu
fyrrí framburðum sínum, sem þeir kváðu vera ranga, enginn
yfirvélstjóri hafi verið í greindri veiðiferð. Sjóprófum var enn hald-
ið áfram, og beindist rannsóknin einkum að því, hvort tryggingar-
svik kynnu að liggja til grundvallar hinum röngu framburðum.

Þá kom matsveinninn Auðunn Hafnfjörð aftur fyrir dóm og bar, að ákærði Sigfús Jörundur hefði hringt til hans daginn, sem hann kom fyrst fyrir dóminn, og reynt að fá hann til að bera rangt, er hann kæmi síðar um daginn fyrir dóm, og snerist rannsóknin eftir það talsvert mikið um ætlaða tilraun ákærða Sigfúsar til að fá matsveininn til að bera rangt fyrir dómi.

Hinn 28. júní 1967 mætir í réttinum ákærði Sigfús Jörundur Árnason Johnsen, og átti að fara fram samprófun við ákærða Kristján Guðna Sigurjónsson. Ákvað dómurinn, að réttarhaldið skyldi lokað, og var kveðinn upp úrskurður þar um og jafnframt að hvorki hæstaréttarlögmanni Jóni Hjaltasyni né öðrum lögmönnum, verjendum né réttargæzlumönnum væri heimilt að mæta í þinghaldi þessu með kærða Sigfúsi Jörundi Árnasyni Johnsen.

Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar, þar sem honum var hrundið.

Nokkru síðar urðu dómaraskipti í málinu, og var núverandi dómari með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 19. október 1967, falið að fara með framhaldsrannsókn þess samkvæmt sérstakri umboðsskrá.

Var rannsókninni haldið áfram í Vestmannaeyjum frá 13. til 15. nóvember 1967 og 11. desember s. á. í Hafnarfirði, er þá kom þar fyrir rétt fyrrverandi yfirvélstjóri, Björgvin Guðmundsson.

18. desember 1967 var málið sent saksóknara ríkisins til fyrrsagnar, og með bréfi, dags. 10. febrúar 1968, og ákæru, dags. sama dag, ákvað hann málshöfðun. Var ákæran birt ákærðu á tímabilinu frá 12. marz 1968 til 4. maí 1968.

Hinn 20. maí 1968 var málið þingfest í sakadómi Hafnarfjarðar, og hafði áður verið haft samráð við saksóknara ríkisins þar um munnlega.

Voru verjendum ákærðu svo send skjöl málsins 30. september 1968 og þeim gert að skila skriflegri vörn 25. október s. á., en þá var málið tekið fyrir að nýju í sakadómi Hafnarfjarðar. Verjendur ákærðu Atla Benediktssonar og Hrafns Hansens lögðu þá fram varnir, en verjandi ákærðu Jóns Ármanns og Guðmundar Karls hafði boðað forföll vegna veikinda. Þá var og lagt fram í réttinum bréf frá verjanda ákærða Sigfúsar Jörundar, þar sem beiðst var frekari rannsóknar, einkum að vitnið Auðunn Hafnfjörð Jónsson yrði leitt aftur fyrir dóm. Fór hin umbeðna rannsókn fram og varð lokið 24. júlí 1969. Dróst í fyrstu, að vitnið Auðunn Hafnfjörð, sem þá var matsveinn á m/b Gideon, gæti

komið fyrir rétt. Einnig varð dráttur á, að verjandi ákærðu Jóns Ármanns, Guðmundar Karls og verjandi Kristjáns Guðna skiluðu vörnum sínum. 23. júlí 1969 skilaði fyrrnefndi verjandinn vörn fyrir skjólstæðinga sína. 8. september var öllum verjendum sent bréf, þar sem þeim, sem þá höfðu ekki skilað vörn, var veittur frestur til þess til 23. september og öðrum verjendum gefinn kostur á að skila viðbótarvörn á sama tíma, ef þeir óskuðu þess. 23. september mætti í réttinum verjandi ákærða Hrafns Hansens, verjendur ákærðu Kristjáns Guðna og Sigfúsar Jörundar komu því þá ekki við að leggja fram varnir sínar, en þær voru lagðar fram í réttinum 26. september 1969 og málið þá dómtekið, en endurupptekið 9. marz 1970 og dómtekið sama dag að nýju.

Í réttarhaldinu 23. september s.l. gerði verjandi ákærða Hrafns Hansens kröfu til, að rannsókn máls þessa yrði ómerkt og því vísað frá dómi, og vitnaði í því sambandi í 85. gr. laga nr. 82/1961. Mun hér átt við skipun fyrrverandi dómara þessa máls, héraðsdómslögmanns Péturs Gauts Kristjánssonar, sem verjanda ákærðu Jóns Ármanns og Guðmundar Karls.

Vart verður talið, að verjandi ákærða Hrafns Hansens sé réttur aðili til að gera þessa kröfu. Frekast væri hér réttur aðili saksóknari ríkisins, sem var kunnugt um umrædda skipun, en hefur ekki mótmælt henni, eða ákærðu Jón Ármann og Guðmundur Karl, sem einmitt óskuðu þess, að héraðsdómslögmaður Pétur Gautur Kristjánsson yrði skipaður verjandi þeirra. Samkvæmt 81. gr. fyrrgreindra laga skal dómari jafnan, þegar lögskýlt er eða ástæða þykir til, skipa sökunaut verjanda eða réttargæzlumann, vekja athygli hans á því atriði og veita honum kost á að benda á einhvern þann mann, er rétt hefur að lögum til að fara með það starf fyrir dómi almennt og sérstaklega í því máli. Dómari ákveður svo hvern skipa skuli. Er það meginregla íslenzkra dómstóla að fara eftir óskum sökunautar um það, hvern skipa skuli, nema varhugavert þyki vegna hagsmuna sökunautar sjálfs. Ekki verður skipun héraðsdómslögmanns Péturs Gauts talin varhugaverð fyrir hagsmuni skjólstæðinga hans. Af gögnum málsins verður ekki séð, að hann hafi verið vanhæfur sem dómari í máli þessu, og það eitt, að hann hafi sem forseti sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja stjórnað rannsókn máls þessa, þar til skipt er um dómara fyrir tilstilli dómsmálaráðuneytisins, gerir heldur ekki skipunina varhugaverða né það, að hann kemur fyrir dóminn og ber vætti um formsatriði, þ. e. starfsaðferð hans

við dómarastarfið, sem þó varðar ekki beinlínis skjólstæðinga hans í þessu tilviki.

Frávísunarkröfunni í máli þessu er því hrundið.

Verður málið nú tekið til efnismeðferðar og vikið nánar að málavöxtum, sem eru þessir:

1. marz 1967 keypti ákærði Kristján Guðni Sigurjónsson m/b Sæfaxes, NK 102, af Garðari Lárussyni, Þiljuvöllum 23, Neskaupstað, og hugðist Kristján gera bátinn út frá Vestmannaeyjum. Gekk ákærði Sigfús Jörundur Árnason Johnsen í ábyrgð fyrir meiri hluta kaupverðsins gegn því, að afli bátsins yrði lagður upp til vinnslu í frystihúsi hans, sem hann hóf starfrækslu á síðar í mánuðinum. Mun Sigfús svo ásamt Kristjáni og með samþykki hans að nokkru leyti hafa annazt útgerð bátsins. Ákærði Kristján varð skipstjóri á bát sínum, m/b Sæfaxes. Hafði hann ekki almenn réttindi til skipstjórnar á stærri skipum en allt að 30 rúmlestum. M/b Sæfaxi, NK 102, var hins vegar 101 rúmlest (brúttó) að stærð, og fékk ákærði Kristján Guðni undanþágu hjá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til að stjórna skipi sínu, og gildi sú undanþága til 31. maí 1967. Þá munu og ráðnir stýrimaður og II. vélstjóri hafa fengið undanþágur. Sem I. vélstjóri bátsins var ráðinn frá 14. marz 1967 til loka vertíðar Björgvin Guðmundsson, Kleppsvegi 134, Reykjavík, en hann var þó einungis skráður til að vera I. vélstjóri á bátnum ferðina frá Neskaupstað til Vestmannaeyja. Var lagt upp frá Norðfirði 15. marz 1967. Í þessari ferð reið brotsjór yfir skipið með þeim afleiðingum, að sjór flæddi óhindrað niður í vélarúm þess, svo að aðalvél og ljósavél þess stöðvuðust, og slokknaði á öllum ljósum í því. Var skipið svo dregið til Vestmannaeyja og kom þangað í höfn 18. marz s. á. Vann greindur Björgvin, I. vélstjóri, að viðgerð á vélum skipsins ásamt vélamönnum frá Vélsmiðjunni Magna á tímabilinu frá 19. til 23. marz, en þá um kvöldið fór hann fyrirvaralaust úr skiprúmi til Reykjavíkur með m/s Herjólf. Skýrði hann þessa háttsemi sína svo, að hann hefði ekki fengið kauptryggingu greidda, eins og samningar stóðu til um, og einnig, að ákærði Kristján skipstjóri hefði verið afskiptasamur og rekið of mikið á eftir. Er ákærða Sigfúsi varð ljóst, að I. vélstjóri hafði hlaupizt á brott úr skiprúmi, lét hann stöðva ferð hans, er hann kom til Reykjavíkur, og hann gera lögreglunni grein fyrir framferði sínu. Ákærði Sigfús réð svo sem I. vélstjóra ákærða Guðmund Karl Guðfinnsson, Boðaslóð 3, Vestmannaeyjum, og var hann skráður I. vélstjóri frá 24. marz til 30. marz 1967. Fór Guð-

mundur tvær veiðiferðir á m/b Sæfaxes, þá fyrri 25. marz, en hina síðari 27. marz. M/b Sæfaxi fór og í veiðiferð 29. og 30. marz. Vegna anna við eigið skip fór Guðmundur Karl ekki sem I. vélstjóri á m/b Sæfaxes tvær síðasttöldu veiðiferðirnar, og voru þær farnar án þess að skráður I. vélstjóri væri um borð. Ákærði Kristján, sem, eins og áður getur, hafði stjórn skipsins á hendi, hafði og réttindi sem yfirvélstjóri á vélar allt að 500 ha. Í m/b Sæfaxes var 435 ha. aðalvél af Deutz gerð. Kvaðst hann við yfirheyrslu 13. nóvember 1967 hafa annast vélstjórnina sjálfur í þessum tveimur veiðiferðum og haft II. vélstjóra sér til aðstoðar. Í veiðiferðinni 30. marz, meðan á togi stóð, stöðvaðist vél bátsins. Er þá enginn í vélarúmi, og fór skipstjóri þá niður í vélarúm, ræsti aðalvélinu að nýju, og gekk hún þá í um 10 mínútur, en var þá stöðvuð og beðið um aðstoð úr landi, en Sæfaxi var þá staddur skammt NV af Eyjum. Kom lóðsinn á vettvang og tók m/b Sæfaxes í tog og dró hann til hafnar og að bryggju í Vestmannaeyjahöfn. Er komið hafði verið inn á svonefnda Vík eða jafnvel er komið var inn fyrir garða, ræsti ákærði aðalvélinu, og fór hún í gang. Sigldi hann skipinu síðasta spölinn að bryggju, og ætlaði hann að leggja sjálfur að bryggju, en er skipið nálgadist bryggjuna, kúplaði hann frá og ætlaði að taka aftur á, en þá stöðvaðist vélin. Er hún var síðar skoðuð, reyndist hún úrbrædd. Vegna vélarbilunarinnar í þessari síðastnefndu veiðiferð og einnig í ferðinni frá Norðfirði fóru fram sjópróf, eins og áður getur, í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja, og hófust þau 17. apríl 1967. Kom fyrstur fyrir réttinn skipstjórinn, ákærði Kristján Guðni, lagði fram sjófreðarskýrslu sína og dagbók skipsins. Var hann spurður nánar um þessar tvær ferðir m/b Sæfaxes og einkum, hver hefði verið I. vélstjóri í veiðiferðinni 30. marz, og kvað hann bróður sinn, ákærða Jón Ármann, hafa verið það. Þennan sama dag komu og fyrir dóminn sem vitni meðákærðu Jón Ármann Sigurjónsson, Atli Benediktsson og Hrafn Hólmfjörð Hansen, og staðfestu þeir allir framburð skipstjórans um I. vélstjóra. Verða framburðir þeirra raktir nánar í I. og II. hér á eftir.

19. apríl 1967 er sjóprófum haldið áfram í málinu, og kom þá sem vitni fyrir dóminn Auðunn Hafnfjörð Jónsson, þá matsveinn á m/b Hávarði, ÍS 160, áður á m/b Sæfaxes, NK 102, til heimilis að Brekastíg 19, Vestmannaeyjum. Vitnið kvaðst hafa verið matsveinn á m/b Sæfaxes, NK 102, í veiðiferð skipsins 30. marz 1967, og kvaðst það ekki hafa orðið vart við ákærða Jón Ármann Sigurjónsson um borð í skipinu, en það hafi að sjálfsögðu ekki

gert leit í skipinu. Þennan umrædda dag á milli kl. 1500 og 1600 hafi bróðir skipstjóra, er vitnið taldi, að væri Jón Ármann, er ynni á netjaverkstæði, komið um borð, er Sæfaxi lá enn við Bäsaskersbryggju, og drukkið þar kaffi með áhöfninni. Vitnið kvaðst að sjálfsögðu hafa sofið í káetunni og þar hafi yfirvélstjóri og átt að sofa eða halda til, hafi hann verið eitthvað um borð.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Verður nú vikið nánar að hinum ranga framburði og rangfærslum, sem í ákæru greinir, og fylgt sömu niðurröðun efnisins og þar.

I.

1. Við upphaf sjóprófa í máli þessu 17. apríl 1967 kom fyrir sjó- og verzlunardóm Vestmannaeyja ákærði Jón Ármann Sigurjónsson og bar vætti um veiðiferð m/b Sæfaxes, NK 102, 30. marz 1967.

Hann kvaðst hafa 500 ha. réttindi frá 1959—1960. Aðspurður kvaðst hann hafa farið þessa einu veiðiferð, þar eð ráðinn vélstjóri hefði verið rétt ókominn og því eigi tími til að fá lögskráningu, þar eð hann hefði tekið verkið að sér nær fyrirvaralaust. Frá því vélin var stöðvuð kl. 0710 og þangað til beðið var um aðstoð, kvaðst ákærði Jón hafa farið í það að athuga smurninginn gaumgæfilega, síðan hafi verið haft samband við vélvirkja í Magna. Kl. 1000 hafi svo verið beðið um aðstoð, enda þótt boðin hafi e. t. v. borizt lóðsinum síðar.

Aðspurður kvað ákærði Jón hafa komið í ljós við athugun, að nægur smurningur hafi verið á vélinni. Í vélinni væru svonefndar systrasíur og hafi hann skipt yfir í aðra síu, án þess að nokkur breyting yrði á smurþrýstingi. Hann kvaðst aðspurður ekki hafa athugað, hvort varasíur (olíusíur) hafi verið um borð. Hann kvað vélina ekki hafa gengið lengur en 5 mínútur, er hún hafi verið sett í gang á ný, eftir að komið var að bryggju, og hafi hann stöðvað hana af sjálfsdáðum, þar eð hann hefði óttast reyk þann, er kom úr sveifarhúsinu. Hann kvað vélina í þetta sinn hafa farið í gang þegar við ræingu. Þá kvað hann og hafa komið reyk úr sveifarhúsi, er vélin var stöðvuð úti á sjó kl. 0710.

Eftir að vitnið Auðunn Hafnfjörð hafði borið vætti þann 19. apríl um veiðiferð Sæfaxes 30. marz og borið, að það hefði ekki orðið vart við ákærða Jón Ármann um borð í skipinu, kom ákærði Jón, eftir að þinghaldi lauk þennan sama dag, á fund forseta sjó-

og verzlunardóms Vestmannaeyja, þar sem hann var staddur í dómsal bæjarfógetaembættisins og jataði þá af sjálfsdáðum hrein-skilnislega að hafa borið rangt í þinghaldi 17. apríl, að hann hefði verið yfirvélstjóri á m/b Sæfaxes, og bauðst hann til að gera allt, er verða mætti málinu til upplýsingar og til að reyna eftir megni að bæta úr þegar unnu tjóni af sínum völdum.

Kom hann fyrir dóminn daginn eftir og jataði umyrða- og vafningalaust brot sitt, eins og hann hafði gert daginn áður utan réttar.

Kvað hann bróður sinn, ákærða Kristján Guðna, hafa fengið sig til verksins.

Upptök málsins hafi verið þau, að Kristján bróðir hans hafi spurt hann, hvort eigi mætti nefna nafn hans (ákærða Jóns Ármanns) sem vélstjóra í sambandi við veiðiferð þennan dag, en þar væri nánast um formsatriði að ræða. Kvaðst ákærði Jón, sem að sjálfsgöðu vildi og hafi viljað hjálpa bróður sínum, sem ætti í hinu mesta basli bæði heima fyrir og í sambandi við útgerðina, hafa þannig smátt og smátt dregið lengra inn í málið eftir hin fyrstu tilmæli, sem hann jánkaði. Er til þess hafi komið, að mætt skyldi fyrir sjóðómi, hafi hann átt erfitt með að kingja þeim bita að leika hlutverkið til fulls, en taldi sig orðinn svo þvældan inn í málið, þóttist enda vita, að nafn hans hefði af ákærða Kristjáni þegar verið nefnt við aðra sem vélstjóra umrædda veiðiferð, að eigi væri um annað að gera en að leika leikinn til enda.

Kvað ákærði Jón Ármann sér í upphafi alls ekki hafa verið ljóst, hvað um væri að vera, en er hinn raunverulegi tilgangur á bak við tilmælin lá ljós fyrir, hafi allt verið orðið of seint að mati hans.

Ákærði Jón kvaðst hvað eftir annað hafa snúið sér til bróður síns til þess að fá hann til að leysa sig undan því oki, er fyrsta loforð ákærða Jóns var orðið honum, en án nokkurs annars árangurs en þess, að bróðir hans hafi svarað því, að „þetta væri ekkert“, „bara formsatriði“, og enn fremur, að „þetta þurfi ekkert að koma nálægt þér“ (þ. e. ákærða Jóni).

Ákærði sagðist ætíð hafa reynt, ef bróðir hans hafi óskað, að hjálpa honum og sér ætíð hafa fundið erfitt að segja nei við hann. Bróðir hans væri mun betur máli farinn en hann sjálfur og kunni það vel að tala máli sínu, að hann (Jón) hafi að jafnaði átt óhægt um vik til andsvara.

Ljóst er af eigin framburði ákærða Jóns svo og vætti vitnisins

Auðuns Hafnfjörðs, að hann var ekki I. vélstjóri í veiðiferð m/b Sæfaxes 30. marz 1967, og framburður hans þar um fyrir dómi 17. apríl s. á. var rangur, og þar af leiðandi er framburður hans um vélagæzluna í greindri veiðiferð, eins og nánar er tilgreint í ákæru, rangur.

2. Í þinghaldinu 17. apríl var sýnd í dóminum véladagbók m/b Sæfaxes, og er sjóprófum var haldið áfram 13. nóvember s. á., var lagður fram í dóminum útdráttur úr greindri véladagbók. Í bókina var þetta skráð um veiðiferðina 30. marz 1967:

„Á ferðinni frá Vestmannaeyjum á veiðar 30/3, aðalvél ræst kl. 5 og keyrt á veiðar, 650 snúninga. Kl. 7 fer vél að hitna mikið og smurþrýstingur að falla, og stoppa ég vélina, nokkur reykur úr sveifarhúsi, dregnir í land. Verkstæðismenn komu um borð. Vélstjóri Jón Ármann Sigurjónsson.

Ég undirritaður staðfesti að ofanritað sé rétt (undirskrift): Jón Ármann Sigurjónsson, yfirvélstjóri“.

Er ákærði Jón Ármann kom fyrir dóminn og var spurður um veiðiferðina 30. marz, eins og vikið hefur verið að undir lið 1, var hann ekki spurður um greinda bókun né hvort rétt væri bók-að, og ekki staðfesti hann þar í réttinum, að hann hefði skrifað undir hana.

Í þinghaldi 20. apríl s. á. skýrði ákærði Jón Ármann svo frá, að á bókuninni sjálfri væri ekki, svo sem sjá mætti, rithönd hans, enda væri hún samin af öðrum. Eigi mundi hann, hver hafi átt orðalag vottorðsins fyrir ofan undirskriftina, en það hafi verið ritað af honum, sem og hafi ritað undirskriftina sjálfur. Ástæðan til þess hafi verið sú, að Kristján hafi sagt honum, að hann yrði að gera svo, enda mundi hann þá og losna við allt annað, þ. á m. „mjög trúlega“ að þurfa að mæta fyrir rétti.

Hann kvaðst hafa falsað véladagbókina með greindu vottorði sínu, undirrituðu við bókunina 30. marz.

Ekki verður talið, að ákærði Jón Ármann hafi með þessu atferli brotið 1. mgr. 142. gr. alm. hegningarlaga, þar eð hann hvorki staðfesti í þinghaldinu 17. apríl, að bókunin væri rétt, né var þá spurður um hana.

Hins vegar hefur ákærði Jón Ármann með þessari hegðan, sem rétt er lýst í ákæruskjali, gerzt sekur um ranga tilgreiningu í bók, sem skylt er að halda og löggilt hafði verið sem vélabók m/b Sæfaxes, NK 102, sbr. 34. og 35. gr. laga nr. 66/1963.

Er ljóst, að hin ranga tilgreining í vélabókina var gerð í blekk-ingarskyni, þ. e. til að leyna, að I. vélstjóra vantaði á m/b Sæfaxes

í veiðiferðina 30. marz 1967, og hlaut ákærða Jóni að vera ljóst, að vélabókin yrði sýnd í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja við sjóprófin.

Með atferli því, sem lýst er undir lið 1, hefur ákærði Jón gerzt brotlegur við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en við 1. mgr. 158. gr. sömu laga með atferli því, sem lýst er undir lið 2.

II.

Aðurnefndan 17. apríl komu og fyrir dóm og báru vætti um sjóferðina 30. marz ákærðu Atli Benediktsson og Hrafn Hólmfjörð Hansen, en báðir höfðu þeir verið skipverjar á m/b Sæfaxes, NK 102, í greindri veiðiferð, og var Hrafn skráður sem stýrimaður, en Atli sem II. vélstjóri.

Ákærðu báru báðir á sama veg um það, að í veiðiferðinni 30. marz hefði verið full áhöfn (7 manns) um borð í m/b Sæfaxes og að Jón Ármann Sigurjónsson hefði verið yfirvélstjóri.

Er fyrir lá vitnisburður Auðuns Hafnfjörðs Jónssonar, voru ákærðu kvaddir aftur fyrir dóminn, og játuðu þeir þá báðir, að fyrri framburðir þeirra um, að Jón Ármann hefði verið yfirvélstjóri, væru rangir. Kváðu þeir ákærða Kristján Guðna hafa fengið þá til að bera svo fyrir dómi. Hafi hann í fyrstu aðeins beðið þá, ef þeir yrðu spurðir af öðrum, að skýra svo frá, að vélstjóri með réttindi hefði verið um borð í greindri veiðiferð, og þá ekki talið, að þeir þyrftu að mæta fyrir dómi. Ákveðin tilmæli um að bera rangt fyrir dómi hafi ekki komið frá ákærða, fyrr en sama dag og þeir hafi verið kvaddir fyrir dóm 17. apríl, og hann ekki tjáð þeim fyrr en í biðsal réttarins, hvern tilgreina bæri sem vélstjóra.

Báðir töldu þeir, að bak við tilmæli Kristjáns hefði falizt auðgunartilgangur í sambandi við váttryggingarfé.

Ástæður til breytninnar eru að mestu þær sömu hjá báðum ákærðu: Þeir hafi vorkennt skipstjóranum vegna heimilisástæðna hans, þ. e. a. m. a., að hann væri margra barna faðir. Þá hafi þeir og verið of háðir skipstjóranum sem yfirmanni og einnig fjárhagslega í sambandi við húsnæði, fæði, eyðslufé og annað upphald.

Ákærði Hrafn Hansen kvað það og hafa haft áhrif á sig, basl skipstjórans í sambandi við m/b Sæfaxes og óhöpp útgerðarinnar.

Með játningu ákærðu Atla og Hrafns svo og með framburði vitnisins Auðuns og meðákærðu er nægilega sannað, að ákærðu

Atli og Hrafn báru rangt fyrir dómi 17. apríl 1967, og hafa þeir með því gerzt brotlegir við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Að loknum sjóprófum 18. apríl 1967 hélt ákærði Sigfús Jörundur til Reykjavíkur, og að morgni næsta dags, miðvikudagsins 19. apríl, fór hann ásamt meðákærða Kristjáni Guðna á skrifstofu Tryggingamiðstöðvarinnar h/f í Reykjavík á fund forstjóra félagsins, Gísla Ólafssonar, og mun erindið hafa verið að ganga eftir váttryggingarbótum, fá fram greiðslur vegna þess, sem unnið hafði verið í bátnum, þ. e. m/b Sæfaxes, og leystir yrðu út pantaðir varahlutir, en Gísli kvað þá hafa viljað fá fjárhagsaðstoð til kaupa á varahlutum í skipið. Kvaðst Gísli þá hafa vitað, að Auðunn Jónsson væri reiðubúinn til að koma fyrir dóm og bera um það, að enginn vélstjóri hefði verið um borð í skipinu í greindri veiðiferð. Kvaðst Gísli því hafa neitað þeim um fjárhagsaðstoðina og tjáð þeim, að hann teldi tryggingafélagið ekki bótaskyld. Hann kvað ákærðu Kristján og Sigfús ekki hafa viljað við það kannast, að enginn vélstjóri hefði verið í áðurnefndri veiðiferð, þ. e. 30. marz. Þeir hafi viljað fá upp gefið nafn þess vitnis, sem ætlaði að bera um, að vélstjóra hefði vantað í greinda veiðiferð, og hann gefið þeim upp nafn matsveinsins.

Ákærðu Kristján og Sigfús fóru af fundinum við Gísla út í bifreið, sem beið þeirra þar við skrifstofu Tryggingamiðstöðvarinnar h/f við Aðalstræti í Reykjavík. Með bifreið þessa var Jón Svan Sigurðsson, Hvassaleiti 16, Reykjavík, sem ákærði Sigfús þekkti, og ók hann bifreiðinni frá Aðalstræti að Blómvallagötu 11, Reykjavík, en þar fóru ákærðu úr henni.

Vitnið Jón Svan sagði, að eftir að ákærðu komu út í bifreiðina til þess eftir að hafa verið í um það bil hálfa klukkustund inni í skrifstofuhúsi Tryggingamiðstöðvarinnar, hefðu þeir tekið tal saman og hefði þá ákærði Sigfús verið nokkuð æstur og strax farið að spyrja ákærða Kristján spurninga um það, hvort þetta væri örugglega rétt, sem Kristján hefði haldið fram. Hafi Kristján fullyrt, að það væri rétt, sem hann hefði haldið fram. Hafi ákærði Sigfús gengið fast á meðákærða Kristján, sem færzt hafi undan svörum og sagt, að hið rétta mundi koma í ljós, og Sigfús þá ákveðið að fara að Blómvallagötu 11 og fá úr þessu skorið með símtali til Vestmannaeyja.

Kl. 1215 þennan sama dag hringdu ákærðu Kristján og Sigfús í vitnið Auðun Hafnfjörð Jónsson og áttu við hann um hálftrar klukkustundar símtal, og mun ákærði Sigfús hafa talað mestallan tímann.

Vitnið Auðunn Hafnfjörð var þá statt í húsinu Bólstaðarhlíð nr. 39 við Heimagötu í Vestmannaeyjum, en þar var það í fæði hjá fósturmóður sinni. Vitnið kvaðst þá að vísu hafa verið farið að gera ráð fyrir því, að það yrði kallað fyrir dóm, með því að maður, er vitnið hafði sagt frá því áður að gefnu tilefni, að enginn vélstjóri með réttindi hefði verið í umræddri ferð, var þá búinn að hafa tal af vitninu og spyrja, hvort það mundi ekki koma fyrir rétt, yrði um það beðið.

Er ákærði Sigfús hafi hringt, hafði vitnið ekki verið boðað, en hann tjáð því, að svo mundi verða. Hafi hann í upphafi verið að fá upplýsingar hjá því um það, hvort Jón Ármann Sigurjónsson hefði verið um borð í Sæfaxes, NK 102, umrætt sinn. Vitnið kvaðst hafa svarað því til, að það hefði ekki orðið vart við Jón Ármann í umrætt sinn. Vitnið sagði, að er það hafði sagt ákærða Sigfúsi þetta, þá hefði hann beðið það um að segja ekki neitt og vita ekki neitt, er það kæmi fyrir réttinn. Þessari beiðni kvaðst vitnið hafa hafnað algerlega og sagt, að slíkt kæmi ekki til mála. Hafi þá ákærði Sigfús komið með „einhverja þvælu“ til útskýringar og stuðnings beiðninni, sem vitnið kvaðst ekki hafa botnað í og ekki sett á minnið. Þá hafi og komið í símann ákærði Kristján Guðni og talað stutt. Virtist vitninu hann vera talsvert miður sín og hafi það hreint ekkert botnað í því samtali, en í því hafi þó Kristján minnst á ómegð sína, en mælt þar um einungis eins og til stuðnings beiðni Sigfúsar.

Vitnið kvað svo ákærða Sigfús hafa tekið aftur að tala, og virtist því erindi hans í stuttu máli ekki vera annað en hræra í því og fá það til að bera annað fyrir dómi en sannleikann í málinu og fyrst og fremst að láta vitneskju vitnisins um hið rétta í málinu um vélstjóran ekki koma fram fyrir réttinum. Hafi hann m. a. kveðið allt velta á framburði vitnisins í málinu. Ekki hafi hann útskýrt beinum orðum, hvað væri þetta allt, enda vitninu verið fullljóst, hvað um var að tefla og ekkert þar farið á milli mála.

Vitnið kvað mikinn tíma af hinu langa samtali hafa farið, eins og gengur, í sífelldar endurtekningar um hið sama, þ. e. fyrst og fremst að taka loforð af vitninu í framangreinda átt, þ. e. að bera gegn betri vitund fyrir dómi.

Vitninu fannst Sigfús vera talsvert ágengur, en það staðið fast á sinni fyrri afstöðu og hann þá slitið samtalinu.

Ákærði Sigfús Jörundur hefur fyrir dómi neitað, að hann hafi í framangreindu símtali reynt að fá vitnið Auðun Hafnfjörð til að bera rangt fyrir rétti. Hann kvaðst að morgni þess 19. apríl 1967 hafa farið ásamt meðákærða Kristjáni á skrifstofu Tryggingamiðstöðvarinnar h/f og frétt þar, að einn af áhöfn m/b Sæfaxes væri reiðubúinn að staðfesta, að Jón Ármann Sigurjónsson hefði ekki verið um borð í umræddri veiðiferð 30. marz. Kvaðst ákærði hafa fengið upplýst hjá forstjóranum, hver maður þessi væri. Hafi hann þá innt meðákærða Kristján eftir því, hvort fyrri frásögn hans varðandi vélstjóran (þ. e. Jón Ármann) væri rétt, og hafi Kristján fullvissað ákærða um, að svo væri. Tilgangur samtalsins hafi einungis verið sá að ganga úr skugga um það persónulega, hvort vitnið Auðunn væri örugglega vissst um, að meðákærði Jón Ármann hefði ekki verið um borð í umræddri ferð. Hafi Auðunn svarað því m. a., að Jón Ármann hefði ekki mætt í mat í þessari veiðiferð og hann (ákærði) þá spurt, hvenær matur hefði verið framreiddur í nefndri veiðiferð. Ákærði Sigfús kvaðst hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi fraburða skipverja í sjóprófinu 17. apríl, er hann hafi hringt í Auðun. Hann kvaðst ekki hafa hlustað á símtal Kristjáns við Auðun.

Vitnið Auðunn Hafnfjörð og ákærði Sigfús Jörundur voru samprófaðir og staðfesti vitnið, að erindi ákærða Sigfúsar hafi verið að fá vitnið til þess að vita ekki neitt og segja ekki neitt. Ákærði Sigfús kvað það ekki rétt, að það hefði verið erindi hans við vitnið, en er hann var aðspurður, hvort orð kynnu að hafa fallið á þessa leið, svaraði ákærði því til, að honum fyndist það ósennilegt, en samtalið orði til orðs myndi hann ekki. Þá kvaðst ákærði Sigfús telja mjög sennilegt, að hann hefði getið þess, að allt kynni að velta á framburði vitnisins.

Hinn 27. apríl 1967 kom meðákærði Kristján Guðni öðru sinni fyrir dóm í máli þessu og játaði þá, að fyrri framburður hans um, að bróðir hans Jón Ármann hefði verið I. vélstjóri í veiðiferð Sæfaxes 30. marz, væri rangur og jafnframt að hann hefði fengið þrjá af meðákærðu til að bera rangt um þetta atriði.

Meðákærði Kristján kvað ákærða Sigfús ekki hafa átt þátt í að fá umrædda menn til verksins, en ákærði Sigfús hafi vitað um þetta, þar eð hann hafi tjáð Sigfúsi ætlun sína áður en eða þegar á eftir, að meðákærði Jón Ármann hafði tekið að sér að leika hlutverk vélstjórans, og hafi því ákærði Sigfús vitað, áður

en réttarhöldin hófust hinn 17. apríl 1967 og meðan á þeim stóð, að framburðir meðákærða Kristjáns og 3ja annarra meðákærðu þann dag voru rangir.

Kristján kvað Sigfús hafa spurt sig, hvort hann, Kristján, teldi sig geta „staðið á því“, en eigi hafi Sigfús mótmælt áætlun hans né síðari framkvæmd hennar. Kristján var og spurður um símtal það, sem að framan greinir, milli hans og Sigfúsar annars vegar og vitnisins Auðuns Hafnfjörðs hins vegar. Kvað hann Sigfús hafa hringt og talað mestallan tímann, sem það stóð. Kristján kvaðst varla geta sagt, að hann hafi hlustað á eða almennilega heyrt til Sigfúsar, en svo mikið væri víst, að eigi hafi Sigfús hóttað vitninu Auðuni neinu. Kristján kvað þó engin tvímæli vera, hvert hefði verið erindi Sigfúsar við vitnið Auðun, þar eð hringt hafi verið í hann einvörðungu í tilefni nýheyrrar frásagnar forstjóra vátryggingafélags bátsins um, að téður Auðunn mundi verða kvaddur fyrir dóm. Orðaskipti kvaðst Kristján, svo sem áður sagði, ekki muna glögg, enda ekki í því ástandi („í sjokki“), sem hann var, hafa lagt eyrun vel við, allra sízt til frásagnar, en kvað sér þó frá upphafi hafa verið ljós tilgangur Sigfúsar með samtalinu og meðan það stóð vel hafa vitað, um hvað það snerist, m. ö. o. að fá Auðun til að mæta ekki fyrir rétti, ella segja þar ekkert, en í öllu falli ekki að skýra frá málinu sannleikanum samkvæmt.

Hinn eiðfesti framburður vitnisins Auðuns um greint símtal var lesinn fyrir ákærða Kristjáni, og gerði hann engar athugasemdir við hann, kvað hann vera í fullu samræmi við eigin skoðun á því, er þarna hefði átt sér stað.

13. nóvember 1967 kom ákærði Kristján enn fyrir rétt og hvarf þá frá fyrri framburði sínum, sem rakinn er hér að framan, og bar hann þá á sama veg og meðákærði Sigfús Jörundur hafði sjálfur borið um, hvenær Kristján hefði fyrst tjáð honum um, að meðákærði Jón Ármann hefði ekki verið I. vélstjóri í veiðiferð m/b Sæfaxes 30. marz. Enn fremur kvaðst ákærði Kristján þá ekki hafa heyrt, hvað Sigfús sagði við Auðun í greindu samtali, en grunað, að hann væri að spyrja um, hvort Jón Ármann hefði verið I. vélstjóri í veiðiferðinni.

Í þinghaldi þessu lagði ákærði Kristján fram skýrslu, merкта dskj. nr. 22, sama efnis, þ. e. um afturhvarf frá fyrri framburði.

Kvaðst ákærði Kristján hafa samið skýrslu þessa um miðjan september 1967, en þá skömmu áður hefði meðákærði Sigfús innt hann eftir því, hvort hann hefði undirbúið sig undir væntan-

leg réttarhöld, sem hann hefði búizt við að þurfa að mæta í. Meðákærði Sigfús hafi svo síðar vélritað skýrsluna eftir samhljóða frumriti, sem Kristján kvaðst hafa samið einn og án hvatningar frá nokkrum.

Afturhvarf sitt frá fyrri framburði skýrði ákærði Kristján svo, að skömmu áður en réttarhöldin hófust yfir honum 27. apríl 1967, kl. 1450, hafi þáverandi dómsformaður, Pétur Gautur Kristjánsson, komið að máli við hann í dómsalnum og bent honum á, að með því móti að gera Sigfús J. Johnsen að einhverju leyti meðsekan sér, þá mundi það mjög milda dóm þann, er hann væntanlega fengi.

Vegna þessa áburðar kom Pétur Gautur fyrir dóm og neitaði hann honum sem fráleitum. Við samprófun kom og í ljós, að ákærði Kristján var nokkuð óstöðugur í framburði sínum um þetta atriði. Ekki verður heldur merkt af framburði ákærða Kristjáns frá 27. apríl nein sérstök viðleitni um að gera hlut meðákærða Sigfúsar sem verstan, hvað samskipti þeirra snertir. Þar segir ákærði Kristján t. d., að meðákærði Sigfús Johnsen hafi ekki átt þátt í því að fá 3 meðákærðu til að bera rangt fyrir dómi. Í greindu réttarhaldi 27. apríl játaði ákærði Kristján að hafa borið rangt fyrir dómi og hafa fengið 3 aðra til þess. Skýrir hann þá afdráttarlaust og greinilega frá atvikum öllum að brotum sínum, þar á meðal símtalinu við Auðun, og er framburður hans þá mjög í samræmi við hinn eiðfesta framburð Auðuns. Mun ákærði þá hafa gert sér grein fyrir, að ekki var til neins að halda til streitu fyrri framburði og skýrði því sem greinilegast og réttast frá atvikum, og verður ekki séð, að hann hafi þá haft neina ástæðu til að skýra rangt frá um þátt Sigfúsar, enda verður síðari áburður Kristjáns á fyrrverandi dómsformann að teljast ósannaður og marklaus. Afturhvarf ákærða Kristjáns frá fyrri framburði 27. apríl 1967 verður því ekki tekið til greina.

Vitnið Gísli Ólafsson, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar h/f, til heimilis að Hávallagötu 32, Reykjavík, kvaðst minna, að það hafi verið í Vestmannaeyjum laugardaginn 15. apríl 1967 og þá ætlað að ná sambandi við Braga Björnsson lögfræðing, en ekki tekizt, og þá hringt til Sigfúsar Johnsens og tjáð honum, að í sjóprófunum, sem fram færu vegna vélarbílunarinnar síðast í marz, yrði reynt að fá staðfestingu á þeim grun, sem þeir hjá Tryggingamiðstöðinni hefðu um, að enginn vélstjóri hefði verið um borð í síðustu veiðiferð skipsins (Sæfaxa). Vitnið kvað ákærða Sigfús hafa tjáð, að þetta gæti ekki átt sér stað.

Er talað er hér að framan um vélstjóra, er átt við I. vélstjóra, og veldur þessi ónákvæmni ekki neinum vafa, með því að rannsókn málsins hefur að mestu snúizt um, hver verið hafi I. vélstjóri, og er minnzt er á, að vantað hafi vélstjóra, er augljóst, að átt er við I. vélstjóra, þar eð ekki er minnsti vafi um, að II. vélstjóri hafi verið um borð í greindri veiðiferð 30. marz.

Af framangreindu er ljóst, að ákærði Sigfús hlaut að vita og hafði alla vega, er hann hringdi í vitnið Auðun, fulla ástæðu til að ætla, að meðákærði Jón Ármann hefði ekki verið I. vélstjóri í veiðiferð m/b Sæfaxes 30. marz, enda fékk hann fulla staðfestingu á því í upphafi samtalsins. Samt verður ekki talin fram komin sönnun um, að ákærði Sigfús hafi haft ásetning um að fá vitnið Auðun til að bera rangt fyrir dómi, er hann hringdi til þess.

Ákærði Sigfús hafði, eins og áður er komið fram, gengizt í ábyrgð fyrir meiri hluta af kaupverði m/b Sæfaxes.

Eftir að ákærði Sigfús og meðákærði Kristján höfðu verið á fundi með forstjóra Tryggingamiðstöðvarinnar h/f að morgni miðvikudagsins 19. apríl 1967, var þeim ljóst orðið, að engar vátryggingarbætur yrðu greiddar vegna vélarbilunar m/b Sæfaxes, ef það sannaðist, að enginn yfirvélstjóri hefði verið um borð í skipinu í veiðiferðinni 30. marz. Þá var þeim og ljóst, að allt gat oltið á framburði vitnisins Auðuns, hvort gildi fyrri framburða um þetta atriði yrði hnekkkt. Miklir hagsmunir voru fyrir ákærðu Sigfús og Kristján tengdir því, hvernig framburður vitnisins Auðuns yrði þá síðar um daginn.

Með eiðfestum framburði vitnisins Auðuns Hafnfjörðs Jónsonar, sem fær stuðning í framburði meðákærða Kristjáns Guðna, og þegar virt er annars vegar, að við sampröfun vitnisins Auðuns og ákærða Sigfúsar þokast ákærði heldur nær framburði vitnisins, og hins vegar, hversu miklir hagsmunir voru í húfi fyrir ákærða Sigfús og tengdir röngum framburði vitnisins Auðuns og eftir öðru, sem upplýst er í málinu, verður að telja, að fram sé komin lögfull sönnun um, að ákærði Sigfús Jörundur Árnason Johnsen hafi með símtali á tímabilinu kl. 1215 til kl. um 1300 19. apríl 1967 reynt að fá vitnið Auðun Hafnfjörð til að bera rangt í réttarhaldi sama dag, svo sem lýst er nánar í III. lið ákæru. Hefur ákærði með þessu atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

1. Svo sem greint hefur verið frá hér að framan, kom skipstjórinn á m/b Sæfaxes, NK 102, ákærði Kristján Guðni, fyrstur fyrir rétt, er sjóprófin hófust fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 17. apríl 1967, og bar um sjóferð skipsins frá Neskaupstað til Vestmannaeyja og vélarbilun í þeirri ferð 17. marz s. á. og einnig um síðari ferðir skipsins og einkum um veiðiferð þess 30. marz s. á., er það varð fyrir vélarbilun, svo að draga varð það til hafnar.

Er ákærði Kristján var spurður um veiðiferðina 30. marz, kvað hann meðákærða Jón Ármann Sigurjónsson, þann, er undirritaði véladagbók þann dag, hafa verið vélstjóra þá veiðiferð, en hann ekki verið lögskráður, þar eð búið hafi verið að ráða annan vélstjóra frá og með næsta degi, Kristján nokkurn Georgsson.

Eftir að vitnið Auðunn Hafnfjörð hafði borið, að það hefði ekki orðið vart við meðákærða Jón Ármann í greindri veiðiferð, kom ákærði Kristján aftur fyrir dóminn 27. apríl 1967 og játaði þá, að fyrri framburður sinn um, að meðákærði Jón Ármann hefði verið vélstjóri í veiðiferðinni, væri rangur.

Áður höfðu meðákærðu Jón Ármann, Atli Benediktsson og Hrafn Hansen breytt fyrri framburðum og staðfest framburð vitnisins Auðuns um, að Jón Ármann hefði ekki verið yfirvélstjóri í greindri ferð.

Með játningu ákærða Kristjáns, vætti vitnisins Auðuns og framburði meðákærðu er því sannað, að ákærði Kristján bar rangt um þetta atriði fyrir dómi 17. apríl 1967.

2. a. Á sama veg og ákærði Kristján, eins og lýst er undir lið 1, báru og fyrir réttinum 17. apríl Hrafn Hansen og Atli Benediktsson um, að meðákærði Jón Ármann hefði verið vélstjóri í greindri veiðiferð, og staðfesti meðákærði Jón Ármann þetta og með framburði sínum í réttinum sama dag.

Við síðari yfirheyrslu fyrir dómi viðurkenndu framangreindir meðákærðu, svo sem lýst er undir lið I og II hér að framan, að framburðir þessir væru rangir og að ákærði Kristján hefði fengið þá til þess.

Ákærði Kristján viðurkenndi og í réttarhaldi 27. apríl 1967 að hafa fengið þá til verksins.

Með játningu ákærða og framburði þessara meðákærðu er sönnuð hlutdeild ákærða Kristjáns í broti þeirra.

b. Eins og rakið er undir lið II, 2, hér að framan, var lögð fram og sýnd í réttarhaldi 17. apríl 1967 véladagbók m/b Sæfaxes,

þar sem var bókun um veiðiferðina 30. marz og vélgæzlu í þeirri ferð, og staðfesti meðákærði Jón Ármann með undirritun sinni, að bókunin væri rétt. Fram er komið, að Jón Ármann var ekki I. vélstjóri í greindri ferð, og var því þetta fölsun á véladagbókinni.

Kvað meðákærði Jón Ármann ákærða Kristján hafa fengið sig til þessa verknaðar og talið honum trú um, að með því mundi hann, þ. e. Jón Ármann, mjög trúlega losna við að þurfa að mæta fyrir rétti.

Ákærði Kristján hefur í þinghaldi 27. apríl 1967 viðurkennt að hafa fengið bróður sinn, meðákærða Jón Ármann, til að undirrita falsaða bókun í véladagbók.

Hefur ákærði með greindu atferli gerzt sekur um hlutdeild í broti meðákærða Jóns.

3. Í símtali því, sem lýst er undir lið III, talaði og ákærði Kristján. Kvaðst hann ekki hafa þorað að biðja Auðun að skrökva, enda þá orðin ljós alvara málsins, en þó hafi hann ekki getað stillt sig um að benda Auðuni á, hve alvarlegt málið væri fyrir sig eftir nýheyrðum hótunum forstjóra váttryggingafélagsins.

Vitnið Auðunn kvað ákærða Kristján hafa talað stutt og það hreint ekkert botnað í samtali þessu, en því virtist hann talsvert miður sín. Hann hafi minnzt m. a. á ómegð sína, en ræddi þar um einungis eins og til stuðnings beiðni Sigfúsar.

Ákærði Kristján minntist á ómegð sína við vitnið Auðun og benti því á, hve málið væri alvarlegt fyrir hann í beinu framhaldi af símtali Sigfúsar, þar sem meðákærði Sigfús, eins og greinir undir lið III, reyndi að fá vitnið Auðun til að bera rangt fyrir dómi. Þegar þannig er virt, við hvaða aðstæður og í hvaða sambandi hin tilvitnuðu ummæli ákærða í lið IV, 3. tl., eru sett fram, verður að telja, að hann hafi með þeim ætlað að reyna að hafa áhrif á vitnið Auðun í þá átt, að það bæri rangt fyrir dómi.

4. Í upphafi sjóprófanna, þ. e. í þinghaldi 17. apríl 1967, lagði ákærði Kristján fram sjóferðarskýrslu, merкта dskj. nr. 2, um sjóferðir m/b Sæfaxes frá 15. marz til 30. marz 1967. Í sama þinghaldi var sýnd dagbók skipsins, sem svo var nefnd, en var í raun löggilt eftirlitsbók, sem færð hafði verið sem dagbók af ákærða Kristjáni og einnig af fyrri skipstjórnarmönnum m/b Sæfaxes. Var bókin aftur sýnd í þinghaldi 13. nóvember 1967, og bar þá tveimur meðdómsmönnum í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja saman um, að fært hefði verið í bókina eins og dag-

bók á tímabilinu frá 1. maí til 29. september 1966 (sic). Við dómaraskiptin í máli þessu voru skjöl málsins fengin núverandi dómara, og þar á meðal var útdráttur úr eftirlitsbók m/b Sæfaxes, NK 102, sem láðst hafði að leggja fram að því, en var lögð fram í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 13. nóvember 1967 og merkt dskj. nr. 18, og sama dag lagði ákærði Kristján fram afrit af sama útdrætti, en með árituðum breytingum, og er það merkt dskj. nr. 21. Þegar talað hefur verið um dagbók og eftirlitsbók er því átt við sömu bók. Hin löggilta eftirlitsbók hefur því verið notuð sem dagbók skipsins og lögð fram í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja sem slík.

Í 4. töl. IV. liðar ákæruskjalsins er ákærða Kristjáni gert að sök að hafa í blekkingarskyni tilgreint ranglega í dagbók vélbátsins Sæfaxes eftirfarandi: „Næstu daga (þ. e. frá 18. marz) var báturinn hreinsaður og lagfært það, sem úrskaiðis hafði farið. Lá báturinn við bryggju til 30. marz“.

Þessar tilgreindu setningar eru teknar orðréttar upp úr dómskjali nr. 2, sem er sjóferðarskýrsla skipstjóra, ákærða Kristjáns. Hafa þarna orðið mistök eða orðabrengrun við samningu ákæru. Verknaði ákærða er annars rétt lýst í ákæru, og vitnað er þar í dskj. nr. 2. Verður þannig ekki talið, að ákæru sé áfátt um svo verulegt atriði, að vísa beri frá kröfu ákæruvaldsins, að því er varðar þennan þátt hennar, og verður hann því tekinn til efnis meðferðar, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963 ber skipstjóra að gera sjóferðarskýrslu um atburði þá, sem verða á ferð skips eða í fermingar- eða affermingarstað þess, er skip eða farmur bíður skaða við, svo að nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af. Ákærða Kristjáni bar því að gera sjóferðarskýrslu um ferð m/b Sæfaxes, NK 102, frá Neskaupstað til Vestmannaeyja og veiðiferðir hans 25., 27. og 29. marz 1967, en í öll skiptin var gangur aðalvélar svo óeðlilegur, að halda varð til hafnar af þeim sökum.

Skýrslu þessa gerði ákærði Kristján, og var hún lögð fram í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 17. apríl 1967 og merkt dskj. nr. 2. Í skýrslunni er greint frá ferð Sæfaxes frá Neskaupstað til Vestmannaeyja og brotsjó, vélarbilun og fleiri atburðum í ferðinni, en hins vegar er þar ekki getið um veiðiferðir skipsins 25., 27. og 29. marz 1967, heldur segir þar, svo sem vikið er að hér áður, að báturinn hafi legið við bryggju næstu daga (þ. e.

frá 18. marz) til 30. marz 1967 og hafi þá báturinn á tímabilinu verið hreinsaður og lagfært það, sem úrskeiðis hafði farið. Skýrsla ákærða um tímabilið frá 25. marz til 30. marz 1967 verður að telja ranga. Viðurkenndi hann í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 17. apríl 1967, að báturinn hefði farið í veiðiferð 25. og 29. marz. Þá er í ljós leitt með vigtarnótum, framburði ákærða Guðmundar Karls, útdrætti úr eftirlitsbók með gerðum breytingum af ákærða, merktum dskj. nr. 21, að m/b Sæfaxi fór í veiðiferðir greinda daga, 25., 27. og 29. marz, og varð fyrir vélarbilun í þeim öllum, svo að halda varð til hafnar af þeim sökum.

Í þinghaldi 17. apríl 1967 var lögð fram til sýnis í réttinum af ákærða Kristjáni dagbók m/b Sæfaxes, eins og bókin var þá nefnd, en hún var, eins og áður getur, í raun löggilt til að vera eftirlitsbók bátsins. Í greindu þinghaldi ræðir ákærði Kristján um bók þessa sem dagbók bátsins og kveðst m. a. hafa gefið vélstjóra upp dagsetningar eftir þessari dagbók sinni.

Þá ber og tveimur meðdómsmönnum, sem eru reyndir skipstjórnarmenn, í þinghaldi 13. nóvember 1967, en þá var eftirlitsbókin aftur sýnd í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja, saman um, að hún beri það með sér að hafa verið færð sem dagbók skipsins frá 1. maí til 29. september 1966, þó að hún væri ekki undirrituð af skipstjóra. Bókin var færð með álíka hætti af ákærða Kristjáni tímabilið 15. marz til 31. marz 1967. Í síðar-nefnda þinghaldinu heldur ákærði Kristján því hins vegar fram, að hann hafi ekki haldið dagbók, þar sem hún hafi ekki verið um borð í skipinu, er það fór frá Neskaupstað, og hann hafi bætt úr því, eftir að til Vestmannaeyja kom. Hann kvaðst ekki hafa fært eftirlitsbókina sem dagbók, heldur eingöngu skrifað í hana sér til minnis og ritað í hana sumt jafnóðum, annað á eftir.

Samkvæmt 35. gr. siglingalaga var ákærða Kristjáni skylt sem skipstjóra að halda dagbók um ferðir m/b Sæfaxes, eftir að hann tók við stjórn hans. Meðal skipsbóka var þá löggilt eftirlitsbók, sem bar með sér að hafa verið færð sem dagbók skipsins áður. Hélt ákærði Kristján áfram að færa bókina á sama hátt og leggur bókina síðar fram í sjó- og verzlunardómi sem dagbók sína.

Verður að telja, að ákærði Kristján hafi með færslum sínum í hina löggiltu eftirlitsbók leitast við að uppfylla skyldu sína sem skipstjóri, sbr. 35. gr. siglingalaga.

Við dagsetningu 25/3 bókaði ákærði Kristján einungis: „Unnið um borð“.

Við dagsetningu 27/3 bókaði hann: „Vinnu að ljúka og vél ræst, og virðist allt vera í lagi“.

Og við dagsetningu 28/3 bókaði hann: „Farið út á fiskirí kl. 5. Keyrt í N-V kl. 6¹⁰, hægt á vegna hita á vél, slóað í land, verkstæðismenn koma um borð“.

Í fyrrnefndu þinghaldi 17. apríl 1967 voru sýnd vigtarvottorð, þar sem greint var frá fisklöndunum úr m/b Sæfaxes 25. marz, 29. marz og 31. marz. Viðurkenndi ákærði Kristján þá að hafa skráð ranglega í vélabókina, en dagsetningar í henni voru færðar samkvæmt eftirlitsbók, og að vigtarvottorðin væru rétt. Löndunin 25. marz kvað hann eiga við veiðiferð, sem greind hafi verið í véladagbókinni með dagsetningunni 28. marz. Hafi verið haldið til veiða 25. marz. Síðan verið legið yfir páskana og næsta veiðiferð farin 29. marz. Að öðru leyti taldi hann dagbókina rétta. Þá er og ljóst af framburði meðákærða Guðmundar Karls, sbr. skýrslu hans, merkt dskj. nr. 19, og af breytingum, sem ákærði gerði sjálfur á afriti af útdrætti úr eftirlitsbók, merktri dskj. nr. 21, að m/b Sæfaxes var siglt til veiða 27. marz 1967, en skipinu snúið við eftir klukkustundar siglingu á miðin og haldið aftur til hafnar vegna vélarbilunar.

Virðist augljóst, þegar borin eru saman dskj. nr. 19 og 21, að bókun við dags. 28/3 í dagbók á við ferð bátsins 27. marz, en ekki hefur verið farið í róður eða aðra ferð á bátnum 28. marz.

Bókun ákærða Kristjáns í eftirlitsbókina er því röng að því leyti, að hann leynir róðrum m/b Sæfaxes 25. og 27. marz 1967 með því að skrá ekkert um þá í dagbókina við þessar dagsetningar, en bókar hins vegar við dags. 28. marz um róður, sem farinn var 27. marz (bls. 31).

Í þinghaldi 27. apríl 1967 kvaðst ákærði Kristján hafa gert hina röngu sjóferðarskýrslu og hinar röngu færslur í skipsdagbók í því skyni að leyna þeirri staðreynd, að sérstakur yfirvélstjóri hefði ekki verið um borð í veiðiferðinni 30. marz, og þann veg forðazt missi undanþágu til skipstjórnar á greindu skipi.

Hefur ákærði Kristján með þessu athæfi gerzt sekur um að tilgreina ranglega í sjóferðarskýrslu og í eftirlitsbók m/b Sæfaxes, sem færð var sem dagbók og lögð fram í rétti sem sönnunargagn um ferðir bátsins og atburði í þeim. Er ljóst, að þetta var gert til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Ástæðurnar til þess, að ákærði framdi verknaði þá, sem lýst er hér að framan í tl. 1, 2 og 4, kvað ákærði Kristján hafa verið

pá, að hann, sem hafði skipstjórnarréttindi á m/b Sæfaxes samkvæmt sérstakri undanþágu, óttaðist að missa þau réttindi, ef það sannaðist, að hann hefði farið í róður án löglegs yfirvélstjóra. Hann neitaði hins vegar að hafa framið verknaði þessa í auðg-unarskyni eða til að afla sér ólöglega tryggingarfjárhæð.

Þykir ákærði með framangreindum verknuðum hafa brotið þau refsilagaákvæði, sem rétt eru tilgreind í niðurlagi IV. liðar ákæru, að öðru leyti en því, að sú háttsemi ákærða, sem greinir í tl. 2, að fá meðákærða Jón Ármann til að rita ranga bókun í véladagbók, þykir ekki varða við 1. mgr. 142. gr., sbr. 22. gr. alm. hegningarlaga, heldur 1. mgr. 158. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

V.

Vikið var að því hér að framan, að ákærði Guðmundur Karl Guðfinnsson hafi verið skráður sem I. vélstjóri á m/b Sæfaxes frá 24. til 30. marz 1967 og fór í veiðiferð með bátnum 25. og 27. marz s. á.

Í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja var lögð fram til sýnis 17. apríl 1967 véladagbók m/b Sæfaxes, NK 102, og útdráttur úr henni lagður fram í sama dómi 13. nóvember 1967, merktur dskj. nr. 16, sbr. lið I, 2. tl., hér að framan.

Í bókinni er greint frá veiðiferðum m/b Sæfaxes 28. og 29. marz 1967 og gangi vélar bátsins lýst í þessum ferðum. Kemur þar og fram, að vélstjóri hafi verið í þessum ferðum ákærði Guðmundur Karl, og verður helzt af útdráttinum ráðið, að ákærði Guðmundur hafi annazt þessa bókun.

Í bókina er hins vegar ekkert bókað um veiðiferðir bátsins 25. og 27. marz 1967.

Ákærði Guðmundur hefur fyrir dómi neitað að hafa fært véladagbók þá 2 daga, sem hann var I. vélstjóri á m/b Sæfaxes. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að það væri véladagbók um borð. Ekki kvaðst hann hafa fært inn í véladagbók það, sem bókað var í hana um veiðiferðir 28. og 29. marz 1967, né hafi það verið bókað eftir honum. Ástæða til þess, að hann hafi ekki fært dagbók, hafi verið sú, að það hafi ekki verið venja að færa véladagbók á bátum af þessari stærð.

Hann kvaðst ekki með þessari vanrækslu um að færa véladagbók hafa ætlað að leyna neinu um ferðir bátsins.

Þann 13. nóvember kom ákærði Guðmundur fyrir sjó- og verzl-

unardóm Vestmannaeyja. Lagði hann þá fram skýrslu um vélgæzlu sína í veiðiferðunum 25. og 27. marz 1967. Kvaðst hann einungis hafa farið þessar tvær ferðir með m/b Sæfaxes og lýsti því, sem bar við í vélarúmi í ferðum þessum.

Er véladagbókin var lögð fram í réttarhaldi 17. apríl 1967, var meðákærði Kristján Guðni spurður um efni hennar. Hann kvað ekki hafa verið bókað í hana jafnóðum, heldur síðar og hafi það gert vélstjóri sá, sem skráður var á skipið 24. marz (til 30. marz) og var um borð, þ. e. ákærði Guðmundur Karl. Hann hafi þá spurt sig um dagsetningar og hann (þ. e. meðákærði Kristján) þá gefið honum upp dagsetningar eftir sinni dagbók.

Þann 27. apríl 1967 kom meðákærði Kristján, svo sem áður greinir, aftur fyrir dóm, og játaði hann þá að hafa borið rangt, er hann kom í fyrra skiptið fyrir dóm. Hann kvaðst nú sjálfur hafa gert bókanir í véladagbók fyrir þá tvo daga, sem Guðmundur Guðfinnsson var yfirvélstjóri, en Guðmundur hafi ekkert bókað í véladagbók þá daga.

Gegn neitun ákærða Guðmundar verður því að telja með öllu ósannað, að ákærði hafi bókað nokkuð í véladagbók m/b Sæfaxes og að hann hafi með þeirri vanrækslu í blekkingarskyni ætlað að leyna neinu um veiðiferðir bátsins. Ber því að sýkna ákærða af því að hafa brotið 1. og 2. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 35. gr. siglingalaga nr. 66/1963 ber vélstjóra að skrifa vélabók með umsjá skipstjóra og skrifa allt í bókina eftir rétttri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varð-tíðir.

Með því að vanrækja með öllu að færa nokkuð inn í vélabókina um vélgæzlu sína í veiðiferðum m/b Sæfaxes 25. og 27. marz hefur ákærði gerzt sekur um brot við framangreind ákvæði siglingalaga.

VI.

Vikið var að útgerð bátsins Sæfaxes hér að framan. Er af því ljóst, að hún hefur gengið mjög erfiðlega. Báturinn varð strax fyrir óhappi og vélarbilun í ferð sinni frá Neskaupstað til Vestmannaeyja, og einnig varð vart vélarbilana í fyrstu veiðiferðum bátsins, eftir að til Vestmannaeyja kom, svo að ekki mun hafa aflazt sem skyldi. Þrír skipverja, ákærðu Atli og Hrafn svo og Björgvin Guðmundsson vélstjóri, komu frá Reykjavík og urðu að afla sér viðurgernings og uppihalds á staðnum eða láta annazt

um það fyrir sig. Bjuggu þeir þar í gistihúsi, meðan skipið lá í höfn vegna vélarbílunar. Kvaðst vitnið Björgvin ekki hafa fengið kauptryggingu greidda, eins og samningar stóðu til, og það m. a. valdið því, að hann strauk úr skiprúmi. Af framburðum ákærðu Atla og Hrafns sést og, að þeir telja sig hafa verið fjárhagslega háða ákærða Kristjáni í sambandi við húsnæði, fæði, eyðslufé og annað uppihald. Verður á það fallið, að þessir ákærðu hafi verið svo háðir ákærða Kristjáni, að jafna megi til þess, sem lýst er í 5. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón Ármann er bróðir meðákærða Kristjáns, en töluvert yngri. Sýnt er, að ákærði Jón hefur verið töluvert háður bróður sínum, sem virðist hafa haft töluvert áhrifavald yfir honum, og honum ætíð fundið erfitt að neita bón hans. Ákærði Kristján mun hafa verið mun betur máli farinn og kunnað það vel að tala máli sínu, að ákærði Jón hafi að jafnaði átt óhægt um vik til andsvara. Ákærði Kristján fékk bróður sinn til fölsunar á véladagbókinni undir því yfirskeyti, að aðeins væri um formsatriði að ræða, og er Jón fyrst jánkaði tilmælum bróður síns um, hvort nefna mætti nafn hans í sambandi við róður (30. mörz) sem vélstjóra, er ekki víst, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að þetta væri refsilágabrot, en er honum varð það síðar ljóst, er hann ekki nægilega sjálfstæður til að neita, eins og hugur hans stóð til, frekari afskiptum af máli þessu, þ. á m. að bera rangt fyrir dómi.

Ákærði Jón kom síðar, eftir að hafa framið brot sín, til dómara og sagði af sjálfsdáðum til þess og skýrði hreinskilnislega frá atvikum að því og var reiðubúinn að bæta eftir megni úr unnu tjóni af því.

Hegðun hans eftir brotið og við rannsókn málsins var í alla staði góð, og hann, sem mun vera mjög trúhneigður, mun hafa haft töluverða raun af broti sínu og iðrast þessara gerða sinna.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir mega færa refsingu þessara þriggja ákærðu niður úr því lágmarki, sem í 142. gr. almennra hegningarlaga er ákveðin við broti þeirra.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði Kristján Guðni skal sæta fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Jón Ármann skal sæta varðhaldi í 60 daga.

Ákærði Sigfús Jörundur skal sæta fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Guðmundur Karl skal greiða kr. 6.000.00 í sekt til

ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði Atli Benedikt skal sæta fangelsi í 60 daga.

Ákærði Hrafn Hólmfjörð skal sæta fangelsi í 45 daga.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar ákærða Jóns Ármanns og hún niður falla að liðnum 3 árum, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða Kristján Guðna til að greiða málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, héraðsdómslögmanns Jóns Óskarssonar, sem ákveðast kr. 8.500.00.

Dæma ber alla hina ákærðu til að greiða málsvarnarlaun til skipaðra verjanda sinna, sem ákveðin eru svo:

Ákærði Jón Ármann greiði til héraðsdómslögmanns Péturs Gauts Kristjánssonar kr. 7.000.00.

Ákærði Sigfús Jörundur greiði til hæstaréttarlögmanns Jóns Hjaltasonar kr. 18.000.00.

Ákærði Guðmundur Karl greiði til héraðsdómslögmanns Péturs Gauts Kristjánssonar kr. 6.000.00.

Ákærði Atli Benediktsson greiði til hæstaréttarlögmanns Arnar Clausens kr. 7.500.00.

Ákærði Hrafn Hólmfjörð greiði til hæstaréttarlögmanns Benedikts Blöndals kr. 7.500.00.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða allan annan sakarkostnað einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Kristján Guðni Sigurjónsson sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Jón Ármann Sigurjónsson sæti varðhaldi í 60 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 23/1955, haldin.

Ákærði Sigfús Jörundur Árnason Johnsen sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Guðmundur Karl Guðfinnsson greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 6.000.00, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Atli Benediktsson sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði Hrafn Hólmfjörð Hansen sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði Kristján Guðni greiði skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni Jóni Óskarssyni, í málsvarnarlaun kr. 8.500.00.

Ákærði Jón Ármann greiði skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni Pétri Gaut Kristjánssyni, kr. 7.000.00.

Ákærði Sigfús Jörundur greiði skipuðum verjanda sínum, hæstaréttarlögmanni Jóni Hjaltasyni, í málsvarnarlaun kr. 18.000.00.

Ákærði Guðmundur Karl greiði skipuðum verjanda sínum, héraðsdómslögmanni Pétri Gaut Kristjánssyni, í málsvarnarlaun kr. 6.000.00.

Ákærði Atli Benediktsson greiði skipuðum verjanda sínum, hæstaréttarlögmanni Erni Clausen, í málsvarnarlaun kr. 7.500.00.

Ákærði Hrafn Hólmfjörð greiði skipuðum verjanda sínum, hæstaréttarlögmanni Benedikt Blöndal, kr. 7.500.00.

Ákærðu greiði allan annan sakarkostnað in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.